

## Flokkunarlyklar Seðlabankans um tilefni gjaldeyrisviðskipta.

Samkvæmt reglum Seðlabankans um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta skulu aðilar sem hafa milligöngu og verslun með erlendan gjaldeyri fullnægja kröfum Seðlabankans um skráningu gjaldeyrisviðskipta. Flokka skal viðskiptin eftir eðli þeirra í samræmi við flokkunarlykla Seðlabankans og sundurliða þau í tölvutæku formi og koma þeim upplýsingum til Seðlabankans með eða án milligöngu Reiknistofu bankanna.

Tilgangur með þessari upplýsingaskyldu er að gera Seðlabankanum mögulegt að sinna lögboðnu eftirliti sínu og hagskýrslugerð, sbr. 14. og 17. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og VI. Kafli laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Gögnin veita mikilvægar upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti; áhrif þeirra á erlenda stöðu þjóðarbúsins og greiðslujöfnuð við útlönd - sundurliðun á vöru- og þjónustuviðskipti og fjármagnsflutninga milli landa.

Flokkunarlyklar Seðlabankans skiptast í almenn gjaldeyrisviðskipti við einstaklinga og lögaðila, eigin fjármagnsviðskipti innlendra banka og annarra milligönguaðila með gjaldeyri ásamt innbyrðis viðskiptum þeirra (millibankaviðskipti o.fl.)

Athygli er vakin á orðskýringum í I. kafla reglugerðar um gjaldeyrismál nr. 679/1994. Þar segir að gjaldeyrisviðskipti merki það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyri sé látinn af hendi eða móttækinn, þ.m.t. innborgun á reikning í íslenskum krónum í eigu erlends aðila, hvort sem innstæða er endanlega flutt úr landi eða fjármunir notaðir hérlandis.

Skrá skal inn- og útborgun á reikninga erlendra aðila í innlánsstofnunum og flokka eftir tilefni viðskipta samkvæmt flokkunarlyklum Seðlabankans. Yfirfærslur til og frá landinu færast á flokkunarlykla 893 og 895, en viðskipti við innlenda aðila skal flokka á viðkomandi lykil eftir tilefni þeirra.

Inn- og útborgun á gjaldeyrisreikninga innlendra aðila (IG) skal skrá og flokka eftir eðli þeirra; gjaldeyriskaup og sölu fyrir íslenskar krónur og millifærslur milli reikninga á flokkunarlykil 891, en inn- og útborgun í erlendum gjaldeyri skal flokka á viðkomandi lykil eftir tilefni viðskipta.

*Vöru- og þjónustuviðskipti*

*Vöruviðskipti*

- 091 Skip og flugvélar**  
Kaup og sala innlendra aðila á skipum og flugvélum.
- 092 Viðgerðir og endurbætur skipa og flugvéla**  
Gjaldeyriskaup vegna viðgerða á erlendum skipum og flugvélum.  
Gjaldeyrissala vegna viðgerða á innlendum skipum og flugvélum.
- 094 Gegnumflutningur á vörum**  
Kaup á vörum og endursala til útlanda með eða án viðkomu á Íslandi (frísvæði).
- 099 Önnur vöruviðskipti**  
Gjaldeyriskaup vegna útflutnings á vörum og gjaldeyrissala vegna vöruinnflutnings.

*Ferða- og dvalarkostnaður*

- 101 Ferðagjaldeyrir**  
Kaup og sala ferðagjaldeyrir af inn og erlendum ferðamönnum.
- 103 Ferðaþjónusta**  
Kaup og sala gjaldeyrir af aðilum í ferðaþjónustu, t.d. hótelum, bílaleigum eða ferðaskrifstofum.
- 111 Námskostnaður**  
Gjaldeyrisyfirfærslur námsmanna.
- 112 Sjúkrakostnaður**  
Gjaldeyrisyfirfærslur vegna sjúkrakostnaðar.
- 123 Erlend greiðslukort**  
Viðskipti erlendra kortafyrirtækja.

*Samgöngur og tryggingar*

**201 Flugrekstur**

Rekstrartekjur og gjöld innlendra flugfélaga.

**202 Flugþjónusta og leiguflug**

Tekjur af þjónustu við erlendar flugvélar, t.d. Flugmálastjórn, landingargjöld, kostur, viðhald, eldsneyti o.fl. Einnig greiðslur vegna leiguflugs og farmgjöld til erlendra flugfélaga.

**211 Skiparekstur**

Rekstrartekjur og gjöld innlendra skipafélaga.

**214 Skipaþjónusta og leiguskip**

Tekjur af þjónustu við erlend skip, t.d. hafnargjöld og önnur hafnarþjónusta, viðhald, kostur, eldsneyti o.fl. Einnig greiðslur skipamiðlara og farmgjöld með erlendum skipum.

**251 Erlend líftrygging**

Viðskipti innlendra aðila við erlend tryggingarfélag og útibú þeirra hér á landi vegna líftrygginga. Gjaldeyriskaup vegna bótagreiðslna. Gjaldeyrissala vegna iðgjalda.

**252 Aðrar erlendar tryggingar**

Viðskipti innlendra aðila við erlend tryggingarfélag vegna almennra skaðabótatrygginga. Gjaldeyriskaup vegna bótagreiðslna. Gjaldeyrissala vegna iðgjalda.

**265 Innlend tryggingarfélag**

Iðgjöld og bætur endurtrygginga og aðrar tryggingar erlendra aðila hjá innlendum félagum.

*Önnur þjónustuviðskipti*

- 301 Fjarskiptaþjónusta**  
Síma- og fjarskiptaþjónusta.
- 302 Póst og hraðsendingarþjónusta**  
Póst og hraðsendingarþjónusta.
- 305 Tölvu- og upplýsingaþjónusta**  
Hugbúnaðar- og upplýsingaþjónusta.
- 311 Utanríkisþjónusta**  
Sendiráð Íslands, ræðismenn erlendis og aðrar þjónustugreiðslur ríkissjóðs ót.a.
- 312 Erlend sendiráð**  
Erlend sendiráð og stofnanir erlendra ríkja á Íslandi.
- 321 Íslenskir verktakar**  
Verktakastarfsemi erlendis.
- 322 Erlendir verktakar**  
Verktakastarfsemi á Íslandi.
- 331 Sérleyfisgjöld og þóknanir**  
Framleiðslu- og einkaleyfisgjöld.
- 341 Fjármálaþjónusta**  
Lántökukostnaður, þóknanir vegna fjármagnsviðskipta og önnur fjármálaþjónusta.
- 350 Ýmiss viðskiptaþjónusta**
- Auglýsingar, markaðsrannsóknir og kynningarstarf.
  - Umboðslaun vegna vöru og þjónustuviðskipta.
  - Sérfræðiþjónusta, tækniaðstoð og rekstrarráðgjöf o.fl.
  - Leigugreiðslur, önnur en kaupleiga, þ.e. afnot véla og fasteigna.
  - Önnur þjónusta fyrirtækja ótalin annarsstaðar.
- 360 Menningar- og skemmtiefni**
- Listir, menningar og íþróttastarfsemi.
  - Skemmtikraftar og leiga á myndefni.
  - Félagsgjöld, blaðaáskrift o.þ.h.
  - Önnur þjónusta einstaklinga ótalin annarsstaðar, t.d. höfundarlaun.

*Framlög án endurgjalds*

**401 Skattar, skaðabætur og sektir**

Skattar þ.m.t. endurgreiðsla virðisaukaskatts. Skaðabætur aðrar en tryggingabætur skv. mati eða úrskurði dómstóla. Meðlög færast á lykil 422.

**407 Gjafir, styrkir, arfur, happdrætti.**

Þ.m.t. þróunaraðstoð og hjálparstörf einkaaðila.

**412 Framlög opinberra aðila**

Þróunar- og neyðaraðstoð svo og framlög til/frá alþjóðastofnunum.

**421 Vinnulaun án búferlaflutninga**

Yfirfærsla á launagreiðslum þ.m.t. eftirlaun til/frá Íslandi. Hér skal aðeins skrá launagreiðslur frá vinnuveitanda til launþega sem eiga lögheimili í sitthvoru landinu. Á ekki við um yfirfærslur milli einstaklinga. Í þeim tilfellum skal velja flokkunarlykil 422. Á heldur ekki við ef einstaklingur fær greiðslur sem verktaki, í þeim tilfellum skal velja viðeigandi lykil fyrir þjónustuviðskipti (lyklar 100-360).

**422 Framlög einstaklinga**

Yfirfærsla á fé milli einstaklinga sem eiga lögheimili í sitthvoru landinu, þ.m.t. meðlög. Á ekki við um laun frá vinnuveitanda, í þeim tilfellum skal velja lykil 421. Á heldur ekki við um yfirfærslur til námsmanna, í þeim tilfellum skal velja lykil 111.

**430 Eignayfirfærslur vegna búferlaflutninga**

Yfirfærsla peningalegra eigna vegna flutnings á lögheimili til/frá Íslandi.

## *Fjármagnshreyfingar*

### *Fjárfesting og verðbréfavíðskipti*

- 501 Fasteignir erlendis**  
Fasteignakaup og sala innlendra aðila, þ.m.t. afborganir veðlána.
- 502 Fasteignir á Íslandi**  
Fasteignakaup og sala erlendra aðila, þ.m.t. afborganir veðlána.
- 505 Tekjur af fasteignum**  
Leigutekjur af fasteignum innlendra aðila í útlöndum og erlendra aðila hér á landi.
- 511 Fjárfesting í atvinnurekstri erlendis**  
Stofn og viðbótarframlag innlendra aðila til eiginfjár í erlendu fyrirtæki eða hlutafjárkaup í fyrirtæki sem ekki er skráð á verðbréfamarkaði.
- 512 Fjárfesting í atvinnurekstri á Íslandi**  
Stofn og viðbótarframlag erlendra aðila til eiginfjár í innlendu fyrirtæki eða hlutafjárkaup í fyrirtæki sem ekki er skráð á verðbréfamarkaði.
- 521 Erlend hlutabréf**  
Viðskipti innlendra aðila með erlend hlutabréf á verðbréfamarkaði.
- 522 Innlend hlutabréf**  
Viðskipti erlendra aðila með innlend hlutabréf á verðbréfamarkaði.
- 525 Arðgreiðslur**  
Arður af inn- og erlendu hlutafé, sbr. lykla 511, 512, 521 og 522.
- 551 Markaðsbréf í útlöndum**  
Viðskipti innlendra aðila á erlendum verðbréfamarkaði. Til markaðsbréfa teljast hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, skuldabréf og skammtímaverðbréf s.s. peningamarkaðsbréf eða víxlar. Gjaldeyriskaup vegna afborgana skuldaskjala.
- 552 Markaðsbréf á Íslandi**  
Viðskipti erlendra aðila á innlendum verðbréfamarkaði. Til markaðsbréfa teljast hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, skuldabréf og skammtímaverðbréf s.s. peningamarkaðsbréf eða víxlar. Gjaldeyrissala vegna afborgana skuldaskjala.
- 553 Afleiður**  
Viðskipti með afleiður. Skuldaskipti (SWAP) færast á lykil 626.
- 555 Ávöxtun markaðsbréfa**  
Vextir og arður af inn- og erlendum markaðsbréfum, sbr. lykla 551 og 552.
- 580 Erlendir bankareikningar**  
Yfirlýsingar innlendra aðila af og á eigin bankareikninga erlendis sem ekki tengjast erlendum viðskiptum (þ.e. sparifé en veltufé skal flokka á viðkomandi lykil).

*Lánaviðskipti*

- 601 Gjaldfrestur á innflutningi**  
Gjaldeyrissala vegna endurgreiðslna vörukaupalána, víxlar eða ábyrgðir.
- 609 Stutt erlend lán**  
Lántaka innlendra aðila og endurgreiðsla lána sem eru tekin til skemmri tíma en eins árs. Gjaldeyriskaup vegna lántöku, gjaldeyrissala vegna afborgana.
- 611 Löng erlend lán**  
Lántaka innlendra aðila og endurgreiðsla lána sem eru tekin til lengri tíma en eins árs. Gjaldeyriskaup vegna lántöku, gjaldeyrissala vegna afborgana.
- 620 Lánveiting til erlendra aðila**  
Lánveiting til erlendra aðila og endurgreiðsla lána.
- 626 Skuldaskipti - SWAP**  
Endurgreiðslur skuldaskipta milli innlendra og erlendra aðila.
- 635 Vaxtagreiðslur**  
Vaxtatekjur og gjöld af erlendum lánveitingum/lánnum.
- 641 Kaup- eða eignaleiga**  
Kaupleigugreiðslur.
- 699 Fjármagnshreyfingar milli innlendra aðila**  
Gjaldeyrisyfirfærslur milli tveggja innlendra aðila, t.d. vegna endurlána innlendra banka.

*Eigin viðskipti banka og annarra milligönguaðila gjaldeyrisviðskipta*

**701 Fjárfesting erlendis**

Fasteignakaup og hlutafé/stofnfé í erlendum fyrirtækjum.

**702 Erlend fjárfesting á Íslandi**

Hlutafé/stofnfé erlendra aðila í bankanum.

**711 Erlend verðbréf**

Eigin verðbréfavíðskipti. Ef um milligöngu fyrir viðskiptavini er að ræða skal nota lykil 551.

**712 Innlend verðbréf**

Víðskipti erlendra aðila með innlend bréf í eigu bankans. Ef um milligöngu fyrir viðskiptavini er að ræða skal nota lykil 552.

**721 Stutt erlend lán**

Lántaka og endurgreiðsla lána til skemmri tíma en eins árs. Lántökur - afborganir.

**722 Löng erlend lán**

Gjaldeyriskaup vegna lántöku, gjaldeyrissala vegna afborgana og vaxtagreiðslna.

Á þennan lykil skal bóka lántöku bankans (kaup) og endurgreiðslu þeirra (sala). Erlend lán innlendra banka til endurlána skal færa á þennan lykil.

**729 Kaup- eða eignaleiga**

Erlendir samningar.

**730 Lánveiting til erlendra banka**

Gjaldeyriskaup vegna afborgana og gjaldeyrissala við lánveitingu.

**731 Lánveiting til annarra erlendra aðila**

Gjaldeyriskaup vegna afborgana og gjaldeyrissala við lánveitingu.

**740 Skuldaskipti - ISK**

Endurgreiðslur á SWAP-samningum á móti ISK.

**741 Skuldaskipti - ERL**

Endurgreiðslur á SWAP-tveggja erlendra gjaldmiðla.

**770 Arðgreiðslur**

Af beinum fjárfestingum.

**771 Ávöxtun verðbréfa**

Vextir og arður af verðbréfavíðskiptum.

**775 Vaxtagreiðslur**

Tekjur af erlendum eignum og vaxtagjöld erlendra lána.

**780 Annar fjármagnskostnaður**

Þóknanir og lántökukostnaður.



*Millifærslur og millibankaviðskipti*

**801 Innlend greiðslukortafyrirtæki**

Gjaldeyrisviðskipti innlendra greiðslukortafyrirtækja.

**810 Hraðsendingarþjónusta á gjaldeyrisviðskiptum**

Á þennan flokkunarlykil skal eingöngu færa viðskipti milli innlendra og erlendra útibúa þeirra aðila sem veita hraðsendingaþjónustu á gjaldeyri s.s. Western Union eða MoneyGram.

**812 Erlendar lánastofnanir á Íslandi**

Viðskipti við erlendar lánastofnanir á Íslandi og/eða útibú þeirra.

**821 Millifærslur innlendra banka**

Færslur af/á IG-reikninga innlendra banka eða viðskiptamanna.

**822 Millibankalán**

Lánahreyfingar, þ.m.t. vextir, í erlendri mynt milli innlendra banka.

**823 Millibankaviðskipti**

Kaup/sala á gjaldeyri af innlendum banka á gjaldeyrismarkaði.

**891 IG-reikningar innlendra aðila**

Millifærslur og kaup/sala fyrir íslenskar krónur í sömu innlánsstofnun, en innborgun og úttekt á gjaldeyri skal færa á viðkomandi flokkunarlykil eftir tilefni viðskiptanna.

Á þennan flokkunarlykil skal eingöngu færa færslur inn og út af IG-reikningi þegar engar gjaldeyrisyfirfærslur eiga sér stað út úr bankanum.

Hins vegar þegar gjaldeyrisúttekt/innlögn á sér stað með yfirfærslu til og frá útlöndum skal flokka hana eftir tilefni undirliggjandi viðskipta.

**893 Gjaldyrisreikningar erlendra aðila**

Millifærslur og yfirfærslur til/frá útlöndum, en kaup/sala fyrir ISK skal færa á viðkomandi flokkunarlykil eftir tilefni viðskipta.

**895 ISK-innstæður erlendra aðila**

Millifærslur og yfirfærslur til/frá útlöndum, en inn- og útborganir innlendra aðila í ISK skal færa á viðkomandi flokkunarlykil.

**899 Millifærslur milli erlendra banka**

Gjaldmiðlaskipti eða fjárflutningar fyrir erlenda viðskiptamenn. Samtímaviðskipti sem hafa ekki áhrif á erlenda stöðu.

*Milligönguáðilum (innlánsstofnunum) er heimilt að nota flokkunarlykla 888 og 889 til þess að færa gjaldeyri milli afgreiðslustaða innan sömu stofnunar eða gjaldmiðlaskipti milli eigin reikninga erlendis.*